

Stjórnarfundur 31.maí 2021 .

Haldið í Síðumúla 15

Mættir, Herdís Hallmarsdóttir, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Svava Björk Ásgeirsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Heiðar Sveinsson, Guðbjörg Guðmundsdóttir og Guðný Isaksen framkvæmdastjóri sat fundinn.

1. Fyrri fundargerð samþykkt.
2. Samþykkt með umsókn um veiðiprófadómara
3. Stjórn felur skrifstofu að fylgja eftir vinnulagi við ættbækur í samræmi við 4.grein. Þegar þannig háttar til að ræktandi hefur áður gefið rangar upplýsingar um ætterni við gotskráningu. Þá óski stjórn eftir að viðkomandi sýni fram á ætterni með DNA niðurstöðum þar sem DNA próf er sannarlega tekið af dýralækni. Í samræmi við 1.tölulið í 4. kafla reglugerðar um ættbókarskráningu, sem fjallar um skyldur ræktanda.
4. Við könnun á ætterni hefur komið í ljós samkvæmt staðfestingu frá Matís að ekki sé um rétt ætterni að ræða. Í ljósi þess mun stjórn HRFÍ ógilda þær ættbækur og afskrá viðkomandi hunda úr ættbók félagsins. Framkvæmd rædd og ákveðin. Samkvæmt 5.tölulið 1.kafla reglugerða um skráningu í ættbók.
5. Stjórn HRFÍ hefur borist upplýsingar um að ræktandi hafi sent bréf til HRFÍ þar sem hann gengst við rangfærslum í tilkynningu á ætterni. Stjórn HRFÍ mun ógilda þær ættbækur og afskrá viðkomandi hunda úr ættbók félagsins. Framkvæmd rædd og ákveðin. Samkvæmt 5.tölulið 1.kafla reglugerða um skráningu í ættbók.
6. Farið yfir skýrslu stjórnar og hún samþykkt.
7. Að beiðni formanns Schafer deildar fundaði stjórn HRFÍ með deildinni 27.4.2021, til að ræða kröfur til ræktenda við skráningu gota.

Fundi lokið kl.19.00